

## Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur föstudaginn 6. júlí 2012 í máli nr. B-12/2012:

**M**

*(Þórður Clausen Þórðarson hrl.)*

**gegn**

**K**

*(Þyri Halla Steingrímsdóttir hrl.)*

Mál þetta sem tekið var til úrskurðar 3. júlí sl. barst Héraðsdómi Reykjavíkur með erindi 14. júní sl. Sóknaraðili er M, kt. [...],[...],[...]. Varnaraðili er K, kt. [...],[...],[...].

Sóknaraðili krefst þess að hann fái til bráðabirgða forsjá sonar aðila, A, kt. [...], þar til niðurstaða fæst í forsjármáli aðila. Jafnframt krefst hann þess að varnaraðili greiði með drengnum mánaðarlegt einfalt meðlag. Þá krefst hann málskostnaðar, auk virðisaukaskatts.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Þá krefst hún málskostnaðar úr hendi sóknaraðila, en til vara að ákvörðun um málskostnað vegna þessa þáttar málsins bíði málskostnaðarákvörðunar aðalmálsins.

**I**

Aðilar málsins áttu í stuttu sambandi fyrri hluta ársins [...] og eignuðust í kjölfarið soninn A [...]. Um [...] aldur drengsins var staðfest með mannfæðingunni að sóknaraðili væri faðir hans. Varnaraðili hefur ávallt haft forsjá drengsins, en sóknaraðili hóf umgengni við hann eftir að staðfest var að hann væri faðir hans. Kveður sóknaraðili þessa umgengni hafa verið reglulega og sambandi milli þeirra gott og traust. Varnaraðili telur umgengnina upphaflega hafa verið óreglulega og stopula. Það hafi gjarnan verið eiginkona sóknaraðila sem hafi verið með drenginn á heimili foreldra sóknaraðila, enda hafi hann verið í neyslu.

Sóknaraðili kveður hafa farið að bera á breytingum á högum varnaraðila seinni hluta árs [...]. Í [...] það ár hafi hún látið sóknaraðila vita að hún væri byrjuð í sprautuneyslu og beðið hann og konu hans um að hafa drenginn í tæpar tvær vikur

á meðan hún væri í meðferð á [...]. Varnaraðila hafi ekki náð að fóta sig eftir það.

Sóknaraðili leitaði samkomulags við varnaraðila um umgengnisrétt síðari hluta ársins [...]. Drengurinn hefur verið vistaður, samkvæmt 84. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, á heimili foreldra varnaraðila frá því í [...]. Gerðu aðilar með sér samkomulag um að sóknaraðili hefði drenginn viku í senn aðra hverja viku á móti foreldrum hennar. Sóknaraðili kveður þetta fyrirkomulag hafa gengið eftir að mestu leyti, en þó hafi nokkrir hnökrar komið upp, einkum í kringum jól og aðrar stórhátíðir. Um jólin [...] hafi hann óskað þess að fá að hafa drenginn á aðfangadag og varnaraðili hafi samþykkt það. Móðir hennar hafi hringt í hann seint [...] og tilkynnt að ekki yrði af umgengninni þar sem varnaraðili væri nýkomin af [...] og yrði hjá þeim. Í byrjun [...] hafi varnaraðili fallið aftur og móðir hennar þá hætt að virða umgengnissamkomulagið. Í [...] hafi sóknaraðili verið lögð inn á [...] í meðferð. Aðilar hafi ítrekað rætt saman um sameiginlega forsjá, en móðir varnaraðila hafi ætíð verið á móti því. Um [...] hafi móðir varnaraðila enn komið í veg fyrir að sóknaraðili fengi drenginn um jólin.

Drengurinn hefur að sögn varnaraðila búið allt sitt líf á heimili foreldra hennar, en hún bjó þar þegar drengurinn fæddist. Er hann nú vistaður þar samkvæmt ákvörðun barnaverndaryfirvalda. Á heimilinu eru einnig þrjú önnur börn varnaraðila, B [...] ára, C [...] ára og D [...] ára. Drengurinn er á leikskólanum [...].

Sóknaraðili höfðaði 18. maí sl. mál á hendur varnaraðila, sem þingfest var fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur 22. maí sl. Gerir hann þar þá kröfu að honum verði með dómi falin forsjá sonar aðila. Jafnframt er gerð krafa um mánaðarlegt einfalt meðlag úr hendi varnaraðila frá uppkvaðningu dóms í málinu. Þá er krafist málskostnaðar, auk virðisaukaskatts.

## II

Sóknaraðili er í sambúð með E og þau eiga saman tvær dætur, [...] árs og [...] ára. Hann kveðst vera reglusamur. Mikil og góð tengsl séu milli hans og drengsins. Þá séu mjög góð tengsl milli drengsins og konu hans og dætra. Drengurinn kalli konu sóknaraðila ávallt mömmu. Sóknaraðili kveðst vera tengiliður drengsins við leikskólann, en hvorki varnaraðili né móðir hennar hafi sýnt neinn áhuga á því að mæta þar í foreldraviðtöl.

Ljóst sé að varnaraðili sé ekki fær um að annast drenginn. Sóknaraðili og kona hans hafi orðið vör við miklar breytingar hjá honum þegar mamma hans sé sífellt að koma og hverfa svo strax. Hann sé á miklu flakki á milli heimilis varnaraðila og foreldra hennar þegar hún sé í neyslu. Mikið rót sé á honum og brýna nauðsyn beri til að tryggja velferð hans og öryggi. Besta leiðin í stöðunni sé að sóknaraðili fái forsjá hans, þannig sé honum best borgið.

Vegna ástands varnaraðila og til þess að tryggja velferð drengsins hafi sóknaraðili og kona hans sótt um leyfi til að gerast fósturforeldrar drengsins. Starfsmenn Barnaverndarnefndar [...] hafi mælt með því að þau fengju leyfi til þess að gerast fósturforeldrar drengsins. Starfsmenn Barnaverndarnefndar [...] hafi

einnig gefið jákvæða umsögn um umsókn þeirra, en nefndin hafi hins vegar tekið ákvörðun um að móðir varnaraðila, sem einnig hafi sótt um leyfi til að vera fósturforeldri drengsins, skyldi annast hann.

Varðandi kröfu um bráðabirgðaforsjá vísi sóknaraðili til 35. gr. barnalaga nr. 76/2003 og að öðru leyti til 34. gr. laganna, en krafa um að dómurinn kveði á um meðlagsgreiðslur með drengnum sé byggð á 4. mgr. 34. gr. Telji sóknaraðili að hagsmunum drengsins sé best borgið með því að forsjá hans verði breytt og honum tryggð búseta hjá föður sínum þar til niðurstaða komi í forsjármáli því sem nú sé til meðferðar hjá Héraðsdómi Reykjavíkur. Aðstæður drengsins hjá föður og fjölskyldu hans séu góðar, en móðir hans sé ekki fær um að annast hann og veita honum öruggt skjól. Eðlilegra sé að hann sé hjá föður sínum frekar en ömmu sinni þar sem móðir hans sé að koma og fara vegna óreglu sinnar, en það ástand skapi óöryggi hjá drengnum.

### III

Varnaraðili byggir kröfu sína um höfnun á kröfu sóknaraðila um bráðabirgðaforsjá á því að enga brýna nauðsyn beri til að flytja forsjá drengsins frá henni.

Varnaraðili kveðst telja að það geti ekki verið drengnum fyrir bestu að taka hann úr forsjá sinni og þar með úr umsjá móðurömmu og -afa og færa forsjána til sóknaraðila, enda hafi í engu verið bornar fram málsástæður í kröfu sóknaraðila sem gefi tilefni til að breyta forsjá drengsins til bráðabirgða. Sóknaraðili hafi nýlega gert sömu kröfu til barnaverndaryfirvalda og gerð sé í máli þessu, þ.e. að fá drenginn í sína umsjá, þar á grundvelli barnaverndarlaga. Þeirri málaleitan hafi verið hafnað 29. maí sl. af hálfu Barnaverndarnefndar [...], meðal annars með vísan til þess að það þjónaði ekki hagsmunum drengsins að breyta vistunarstað hans að svo stöddu. Það hafi því þegar verið lagt mat á það, af hálfu Barnaverndarnefndar [...], hvort brýna nauðsyn beri til að breyta stöðu og högum drengsins nú. Hafi það verið niðurstaða nefndarinnar að svo væri ekki. Sóknaraðili hafi í engu sýnt fram á aðrar forsendur eða gögn en gagnvart barnaverndarnefndinni og því ekkert í málinu sem gefi tilefni til að hnekkja rökstuddri niðurstöðu barnaverndaryfirvalda varðandi hagsmuni og búsetu drengsins til bráðabirgða.

Varnaraðili byggir kröfu sína þannig á þeirri meginreglu barnaréttar, sem styðjist við ítrekaða dómaframkvæmd, að til að breyta forsjá barns til bráðabirgða þurfi að sýna fram á að aðstæður barnsins séu á þann veg að því stafi beinlínis hættu af því að halda forsjárskipaninni óbreyttri meðan forsjármál sé rekið milli aðila. Stefnandi hafi í engu sýnt fram á að nokkuð sé til staðar sem knýi á um að breyta forsjárfyrirkomulagi drengsins til bráðabirgða.

Drengurinn sé nú í fóstri á vegum barnaverndaryfirvalda í [...] hjá móðurömmu og móðurafa sínum. Sú ráðstöfun sé með samþykki varnaraðila, sem sé forsjáraðili drengsins. Hafi verið gengið frá því um síðustu áramót að fóstrið skyldi standa í eitt ár, eða til 6. desember 2012. Aðstæður drengsins í fóstρινu séu til fyrirmyndar og líði honum vel þar. Hann umgangist báða aðila málsins með reglubundnum hætti og sé hjá sóknaraðila viku í senn, aðra hverja viku.

Varnaraðili vísi um lagarök til 35. gr. barnalaga nr. 76/2003.

#### IV

Eins og fram hefur komið höfðaði sóknaraðili forsjármál á hendur varnaraðila, sem þingfest var 22. maí sl. Varnaraðili skilaði greinargerð í málinu 26. júní sl. og var það tekið fyrir í þinghaldi 3. júlí sl. og frestað til framlagningar beiðni um dómkvaðningu matsmanns. Í máli þessu gerir sóknaraðili þá kröfu að honum verði til bráðabirgða falin forsjá sonar aðila, A, sem fæddur var [...], þar til niðurstaða fæst í forsjármáli aðila. Þá krefst hann meðlags. Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. barnalaga nr. 76/2003 hefur dómari heimild til að úrskurða til bráðabirgða hvernig fara skuli um forsjá barns, eftir því sem barninu er fyrir bestu. Jafnframt getur dómari kveðið á um umgengni og meðlag til bráðabirgða. Grundvallarsjónarmið við slíka ákvörðun er ávallt hvað barni sé fyrir bestu.

Málsaðilar komu ekki fyrir dóminn, en lögmenn þeirra töldu ekki þörf á því með hliðsjón af gögnum málsins.

Meginmálsástæður þær sem sóknaraðili byggir kröfu sína um forsjá til bráðabirgða á eru þær að ljóst sé að sóknaraðili sé ekki fær um að annast drenginn, en hann sé hæfur til þess og hafi verið metinn, ásamt konu sinni, hæfur til að vera fósturforeldri hans. Brýna nauðsyn beri til að tryggja velferð og öryggi drengsins og besta leiðin til þess sé að hann fái forsjá hans. Góð tengsl séu milli hans og drengsins, aðstæður hjá honum séu góðar og hann hafi haft umgengni við drenginn viku í senn aðra hverja viku frá því seinni hluta ársins [...].

Varnaraðili byggir á því að ekki sé brýn nauðsyn að breyta forsjárfyrirkomulagi drengsins. Til þess að svo megi vera þurfi að sýna fram á að aðstæður barnsins séu á þann veg að því stafi beinlínis hætta af því að halda forsjárskipaninni óbreyttri meðan forsjármál sé rekið milli aðila. Ekki geti verið drengnum fyrir bestu að taka hann úr forsjá sinni og þar með úr umsjá móðurömmu og -afa og færa hana til sóknaraðila. Barnaverndarnefnd [...] hafi hafnað kröfu sóknaraðila um að gerast forsjárforeldri hans, þar sem það þjónaði ekki hagsmunum drengsins að breyta vistunarstað hans að svo stöddu.

Í málinu liggja fyrir gögn frá barnaverndaryfirvöldum í [...] og [...]. Kemur þar fram að drengurinn A hefur verið vistaður hjá móðurömmu og -afa frá því í [...], en verið aðra hverja viku hjá föður sínum og fjölskyldu hans, vegna langvinnis vímuefnavanda móður. Sóknaraðili og kona hans sóttu um að verða fósturforeldrar drengsins. Að fenginni greinargerð og umsögn Barnaverndar [...] fengu þau leyfi Barnaverndarstofu til að vera fósturforeldrar hans. Í greinargerð Barnaverndar [...] sem lögð var fyrir Barnaverndarnefnd [...] var lagt til að drengurinn færi í umsjá föður síns til 6. desember 2012. Var lagt til að Barnaverndarnefnd úrskurðaði um vistun utan heimilis þar sem samþykki móður fyrir vistun hjá föður lægi ekki fyrir. Á fundi Barnaverndarnefndar var hins vegar ákveðið að vistunarstaður yrði

óbreyttur hjá móðurforeldrum, sem einnig höfðu fengið leyfi til að vera fósturforeldrar drengsins, til 6. desember 2012, þar sem það þjónaði hagsmunum hans best að svo stöddu og hann færi reglulega til föður síns í umgengni aðra hverja viku.

Í vottorði frá [...], dags. 16. mars 2012, kemur fram að varnaraðili hafi verið lögð inn til afeitrunar [...] 2011 og útskrifast [...] sama mánaðar. Hún hafi stundað undirbúningsmeðferð fyrir [...], hafið meðferð þar [...] 2012 og lokið sex vikna meðferð þar [...] 2012. Hún hafi byrjað í iðjuþjálfun og muni fara í sálfræðiviðtöl.

Í greinargerð Barnaverndar [...] kemur fram að sóknaraðili búi ásamt sambýliskonu sinni og tveimur dætrum í [...] þar sem A sé með sér herbergi. Sóknaraðili hafi farið í óreglu og neyslu eftir [...] árin [...] og [...] og í meðferð á [...] tvisvar árið [...] og aftur árið [...]. Hann hafi einnig farið í eftirmeðferð og eftirfylgni í kjölfarið og haldið sig frá neyslu síðan. Hann hafi hafið störf á [...] vorið 2011 í gegnum sex mánaða [...] og að því tímabili loknu verið boðin áframhaldandi vinna. Að öllum atvikum virtum var það niðurstaða starfsmanna Barnaverndar [...] að mæla með því að sóknaraðili og kona hans fengju leyfi til að gerast fósturforeldrar A.

Foreldrum varnaraðila, F og G, var einnig veitt leyfi til að vera fósturforeldrar drengsins. Í erindi Barnaverndarstofu til Barnaverndar [...] 10. maí sl. kemur fram að Barnaverndarstofa hafi aflað greinargerðar og umsagna Barnaverndarnefndar [...], en auk þess hafi starfsmenn Barnaverndarstofu farið á heimili þeirri til að meta sjálfstætt aðstæður og staðreyna upplýsingar sem fyrir lágu. Er aðstæðum á heimilinu lýst þannig að hjónin séu með tvö eldri börn varnaraðila í sinni umsjá, D [...] ára og C [...] ára, auk systkinanna A og B [...] ára. Einnig sé á heimilinu fullorðinn sonur hjónanna sem sé með [...]. F verði [...] ára síðar á þessu ári og G [...] ára. Ef litið sé til almennra krafna um fósturforeldra sem taki barn í varanlegt fóstur kveði viðmið Barnaverndarstofu svo á um að aldur fósturforeldra skuli ekki vera hærri en svo að þeir gætu verið líffræðilegir foreldrar fósturbarna sinna. Samkvæmt reglugerð um fóstur skuli fósturforeldrar vera við góða almenna heilsu. F sé 75% öryrki vegna [...] og þurfi af þeim sökum á reglubundinni lyfjameðferð á sjúkrahúsi að halda. Barnaverndarstofa telji hjónin ekki uppfylla þessi tvö skilyrði fyrir því að gerast varanlegir fósturforeldrar. Önnur skilyrði séu þó uppfyllt. Líta verði til þess að hjónin hafi haft börnin A og B í sinni umsjá um langa hríð og gera megri ráð fyrir því að með því að rjúfa dvöl barnanna hjá þeim yrði rask á lífi þeirra.

Fyrir liggja í málinu upplýsingar frá leikskóla drengsins þar sem fram kemur að drengnum virðist líða vel þar. Umhirða og aðbúnaður hans sé góður. Hann mæti nokkuð vel í leikskólann og þroski hans sé eðlilegur miðað við aldur. Engin samskipti hafi verið við móður þetta skólaár, en góð og eðlileg samskipti við móðurforeldra. Einnig séu góð samskipti við stjúp móður, en lítil samskipti hafi verið við föður.

Í tengslum við forsjármál aðila mun fara fram nánari athugun á forsjárhæfni aðila og aðstæðum þeirra og drengsins. Samkvæmt þeim upplýsingum sem liggja nú fyrir dóminum er ljóst að varnaraðili er ekki fær um það í dag að annast son sinn. Telja barnaverndaryfirvöld vanda hennar alvarlegan og hafa vistað drenginn hjá foreldrum hennar til 6. desember nk. Í málum varðandi forsjá barna er reynt að

forðast að raska högum barna eins og kostur er og á það sjónarmið enn frekar við í málum um bráðabirgðaforsjá. Hins vegar er einnig til þess að líta að tryggja skuli börnum öryggi og stöðugleika. Drengurinn er nú í umsjá móðurforeldra sinna, en dvelur hjá þeim viku í senn og viku í senn hjá sóknaraðila. Liggur ekki annað fyrir en að það hafi gengið vel, utan þess að sóknaraðili telur móður varnaraðila hafa reynt að tálma umgengni, svo sem fyrr er rakið. Eins og sjá má af framangreindum athugasemdum Barnaverndarstofu vegna leyfis móðurforeldra drengsins til að vera fósturforeldrar hans er ólíklegt að þau verði metin hæf til þess að vera fósturforeldrar hans til frambúðar. Fram kemur í bókun Barnaverndarnefndar [...] 18. október 2011 að drengurinn og systir hans geti ekki búið við ríkjandi ástand til langframa og huga þurfi að framtíðarbúsetuúrræði fyrir börnin, standi móðir ekki við fyrirhugaða áætlun. Barnaverndaryfirvöld hafa metið aðstæður sóknaraðila þannig að hann teljist hæfur til að vera fósturforeldri drengsins og hefur ekkert komið fram annað en að allar aðstæður hjá honum séu góðar og góð tengsl séu á milli hans og drengsins. Í gögnum málsins kemur fram að varnaraðili treysti sóknaraðila fyrir drengnum. Þegar litið er til alls framangreinds er það niðurstaða dómsins að hagsmunum drengsins sé best borgið með því að sóknaraðili fari með forsjá hans á meðan leyst er úr ágreiningi aðila um forsjána. Verður jafnframt fallist á kröfu sóknaraðila um meðlag á sama tíma. Ekki eru gerðar kröfur um umgengni í málinu.

Rétt þykir að ákvörðun málskostnaðar bíði efnisdóms í málinu.

Barbara Björnsdóttir, settur héraðsdómari, kveður upp þennan úrskurð.

### Ú R S K U R Ð A R O R Ð:

Sóknaraðili, M, skal til bráðabirgða fara með forsjá A, sonar hans og varnaraðila, K, þar til endanleg ákvörðun um forsjá liggur fyrir í forsjármáli aðila.

Varnaraðili skal greiða einfalt meðlag með drengnum frá uppkvaðningu úrskurðar þessa þar til endanleg ákvörðun um forsjá liggur fyrir í forsjármáli aðila.

Ákvörðun málskostnaðar bíður endanlegs dóms í málinu.